



Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum

Forsíðumyndin



Á forsíðunni má sjá Þorgrím Sigurðsson þjarma að Kjartani Trausta á dyravarðanámskeiði sem Verkalýðsfélag Húsavíkur og Lögreglan á Húsavík stóðu fyrir í síðustu viku.

**Heimasíða
stéttarfélaganna
www.vh.is sefur
aldrei, alltaf ferskar
og nýjar fréttir af
starfsemi
stéttarfélaganna.**

Fréttabréfið

Þetta Fréttabréf er tileinkað orlofsmálum og þeim möguleikum sem félagsmönnum bjóðast í þeim efnum. Að vanda leggja stéttarfélagin mikið upp úr því að verða við óskum félagsmanna með því að bjóða þeim upp á fjölbreytt úrval orlofskosta. Félagsmönnum var boðið upp á ódýra ferð til Calpe á

Spáni. Í sumar verður boðið upp á orlofshús, íbúðir, Edduhótel og farfuglaheimili. Sú nýbreytni verður tekin upp að bjóða félagsmönnum og fjölskyldum þeirra í útilugu. Umsóknarfrestur um orlofshús og íbúðir sumarið 2005 er til 8. apríl 2005.

Kjaraviðræður í gangi

Landsvirkjun-Árbót-sveitarfélag

Um síðustu áramót voru kjarasamningar Landsvirkjunar og Starfsgreinasambands Íslands sem Verkalýðsfélag Húsavíkur er aðili að lausir. Þessi samningur nær til starfsmanna í Laxárvirkjun og Kröflu. Viðræður standa yfir milli samningsaðila og eru vonir bundnar við að skrifað verði undir nýjan kjarasamning á næstu dögum eða vikum. Þá er unnið að því að

ganga frá kröfugerð sem lögð verður fyrir Launanevnd sveitarfélaga vegna starfsmanna sveitarfélaga. Flest stéttarfélag innan Starfsgreinasambandsins standa saman að kröfugerðinni. Samningur Verkalýðsfélags Húsavíkur og Meðferðarheimilisins Árbótar er laus í lok apríl. Samningsaðilar munu væntanlega koma saman í næsta mánuði til að ganga frá þeim samningi. Viðræður eru ekki hafnar.

Fagnámskeið fyrir iðnaðarmenn

Innanhúsklæðningar

Um er að ræða 20 stunda námskeið. Námskeiðið verður haldið á Húsavík föstudaginn 22. apríl og laugardaginn 23. apríl. Á föstudeginum verður kennt frá 13:00 til 20:00 og á laugardeginum verður kennt frá 09:00 til 17:00. Félagsmenn greiða kr. 5.000,- og utanfélagsmenn kr. 20.000,-. Námslýsing: Á námskeiðinu er kynnt uppbygging innveggja og lofta. Farið í hljóð- og hitaeinangrun. Kynntar eldvárnarkröfur. Fjallað um votrími, t.d. um frágang baðherbergja, þvottahúsa og eldhúsa.

Kynntir kerfisveggir og kerfisloft. Kynnt eru ýmis klæðningarefni til notkunar innanhús. Kennarar verða Jón Sigurjónsson og Hafsteinn Pálsson frá Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarinnar.

Til greina kemur að greiða námskeiðin meira niður fyrir félagsmenn. Ákvörðun um það verður tekin þegar fyrir liggur með fjölda þátttakenda. Skráning og frekari upplýsingar er hægt að fá á Skrifstofu stéttarfélaganna í síma 464-6600.

Nýkjörnir trúnaðarmenn

Stéttarfélagin leggja mikið upp úr því að hafa öfluga trúnaðarmenn á vinnustöðum. Á síðustu vikum hafa nokkrir slíkir verðir kjörnir á nokkrum vinnustöðum, Ingvaldur Arnadóttir í Árbót, Huld Arngríms-

dóttir Haftralækjarskóla, Agnes Einarsdóttir Selhótel Mývatn og Kristín Halldórsdóttir Skútustaðahrepp. Trúnaðarmenn eru almennt kjörnir til tveggja ára í senn.

Silkiprent og fánar er komið til Þórshafnar



Konráð og Steinar að ráða ráðum sínum.

Fyrirtækið sem er í eigu fjölskyldu Konráðs Jóhannssonar er nú loks komið í hús á Þórshöfn og uppsetning tækja í fullum gangi þessa dagana. En um mánaðarmótin janúar og febrúar fór lið manna frá Þórshöfn suður til Reykjavíkur í þeim tilgangi að rífa niður prentsmiðjuna og höfðu til þess tvo og hálfan dag. Sunnamenn voru vantrúaðir á að þessum bjartsýnu norðanmönnum tækist ætlunarverk sitt á tilsettum tíma. Og höfðu margir þeirra orð á því vikuna áður að þessir menn hlytu að vera brjálaðir og hlógu mikið.

Hafist var handa á föstudagskvöldi og höfðu þá bæst í hópinn nokkrir vel valdir menn. Gengið var skipulega til verks og gekk niðurrífið eins og í lygasögu alla helgina og var allt komið út á mánudagsmorgni eins og áætlað var.

Fyrirtækið er leiðandi í fánaframleiðslu á Íslandi og er m.a. með einu silkiprentvél sinnar tegundar á Íslandi. Að auki eitt af fáum fyrirtækjum í Evrópu sem notar þessa fullkomnu magnetic sjálfvirknu prentvél til að prenta útifána og er hún 25 m löng og 4ra m breið. Aðaláherslan er eins og nafnið gefur til kynna á fánaprentun og má þar nefna; úti- og innifána, hátíðafána, borðfána, auglýsingaborða (bannera), veifur ofl.. eða bara allt sem flokkast getur undir fána.

Miklar breytingar hafa orðið á undanfögnu ári í þróun fánaefna og er Silkiprent og fánar með einkaleyfi á fánaefni sem er í senn létt og sterkt og þarf ekki að falda. Efnið er heitskorið og bræðast þar með efnispræðirnir saman, með þessu móti endist fáninn allt að þrjár sinnum lengur en hefðbundnir fánar. Hver kannast ekki við að faldurinn slitni af gamla góða fánanum eftir að hafa hangið uppi



Fyrsti límmiðarnir að koma úr prentun.

einn dag í smá golu. Nú taka menn fánana ekki niður vikum og mánuðum saman.

Með fánaprentuninni eru svo prentaðir límmiðar af öllum stærðum og gerðum en þar sem þeir eru silkiprentaðir hafa þeir langan endingartíma og þola veðrun og þvott betur en aðrir límmiðar. Ennfremur er búnaður til staðar til þess að skera út bíla-merkingar í límfilmur.

Við fyrirtækið starfa 4 starfsmenn í dag en gangi áætlanir eftir er gert ráð fyrir að bæta þurfi einum við. Silkiprent og fánar er staðsett að Langanesvegi 2 á Þórshöfn og deilir húsinu með Verkalýðsfélagi Þórshafnar og Versluninni Hitt og Þetta.

Þegar uppsetningu er að fullu lokið áforma eigendur að hafa opið hús, kynna framleiðsluna og bjóða fólki að spyrja út í starfsemina. Þessi dagur verður auglýstur síðar.

Hátíðarhöld 1. maí

Undirbúningur er nú hafinn að hátíðarhöldum

1. maí n.k. Að venju verða í boði fjölbreytt skemmtiatriði, kraftmiklar ræður auk þess sem gestum verður boðið í kaffi og meðlæti.

Virkjum alla - rafrænt samfélag

Skjálfandi í faðmi þekkingar

Virkjum alla - rafrænt samfélag, er þriggja ára átaksverkefni Húsa-víkurbæjar, Aðaldælsþrepps og Þingeyjarsveitar sem hlaut styrk frá Byggingastofnun árið 2004. Markmið þess er tvíþætt; að bjóða íbúum upp á fjölbreytta fræðslu og þjálfun í notkun á tölvum, ásamt því að færa þjónustu sveitarfélaganna í rafrænt form og opna þjónustutorg á vef-síðunni: www.skjalfandi.is

Uppbygging fræðslu og þekkingar

Í fræðsludagskrá Virkjum alla er lögð áhersla á stutt og markviss námskeið, sem henta þeim sem hafa litla eða enga kunnáttu og gera þeim þannig kleift að nýta sér upplýsingatæknina. Allan verkefnistímann verður boðið upp á grunnnámskeið með áherslu á tölvufærni og ritvinnslu annars vegar og Netið og tölvusamskipti hins vegar. Leiðbeinendur námskeiðanna leggja áherslu á að sinna mismunandi þörfum og getu hvers þátttakanda. Stefnt er að því að uppræta hræðslu og kunn-áttuleysi og gefa íbúum tækifæri til þess að nýta kosti tækninnar sér og sínum til framtíðar.

Ungir kenna öldnum

Eldri kynslóðin fær sérstaka aðstoð frá nemendum í grunn-skólunum í héraðinu, á námskeiðum sem kallast "Ungir kenna öldnum" og hefjast þau fyrstu í Borgarhólsskóla í mars 2005. Þar snýst hlutverkaskipanin við og yngri kynslóðin leiðbeinir þeim eldri við að læra á tölvuna og Netið.

Gagnvirkt kennsluefni

Íbúar munu hafa aðgang að námi á Netinu með gagnvirku kennsluefni um tölvunotkun, þar sem leitast er við að gera námið áhugavert og skemmtilegt. Einnig verður í boði vefnámskeið sem hannað er af Menntasmiðju kvenna, sérstaklega fyrir konur sem búa í dreifbýli og vilja læra um upplýsingatæknina með leiðbein-anda í hvetjandi en jafnframt af-slöppuðu kennsluumhverfi.

Haldnar verða kynningar á áhugaverðum vefsíðum með upplýsingum og þjónustu í tengslum við áhugamál og/eða atvinnugreinar fyrir hópa og félagasamtök. Einnig fer fram kennsla í notkun á vef-torgum sem hýsa rafræna þjónustu

sveitarfélaganna og samstarfsaðila verkefnisins. Veftorgin munu að auki bjóða upp á rafræn viðskipti við fyrirtæki og þjónustuaðila í sýslunni, veita aðgang að heilbrigðis-þjónustu, fjarnámi og fjármála-þjónustu svo dæmi séu tekin.

Ávinningur íbúa

Ávinningur íbúa ræðst af aðstæðum, þörfum og væntingum hvers og eins. Meðal annars gefst aðgangur að menntun með fjar-námi og fræðslu í gegnum Netið, beinn aðgangur að upplýsingum frá stjórnsýslu, betra aðgengi að stjórnsýslunni og möguleiki að sinna erindum á tíma sem hentar hverjum og einum. Aukið aðgengi að verslun og þjónustu og sam-skiptum innan og utan við sam-félagið. Einnig getur upplýs-ingatæknin aukið atvinnutækifæri fólks sem býr á landsbyggðinni í gegnum fjarvinnslu eða sölu á vörum og þjónustu sem eru óháð staðsetningu. Jafnframt sparar notkun upplýsingatækninnar umtalsverðan tíma og fjármuni m.a. í tengslum við útréttingar fyrir heimilið.

Uppbygging fjarskipta og tæknilegrar grunngerðar

Til þess að byggja upp rafrænt samfélag þarf virka þátttöku íbúanna og til þess þurfa þeir að hafa aðgang að öflugum net-tengingum. Möguleikar til net-tengingar eru ákaflega misjafnir í Þingeyjarsýslu og hallar þar mikið á fyrir fólk sem býr utan þéttar byggðar. Eitt af megináherslum Virkjum alla er að þrýsta á stjórn-völd um að þau sinni uppbyggingu á fjarskiptaþjónustu á verkefna-svæðinu.

Rannsóknir á samfélaginu

Rannsóknir verða gerðar til að kanna áhrif verkefnisins á sam-félagið svo hægt sé að meta hvaða áhrif aukin notkun upplýsingatækni hefur á íbúa, fyrirtækjarekstur og þjónustu opinberra stofnana. Niður-stöðurnar eru birtar á heimasíðu Virkjum alla www.skjalfandi.is og gefa þær meðal annars mikilvægar upplýsingarnar um þarfir íbúanna fyrir stuðning og fræðslu í tölvu- og Netnotkun.

Kveðja
Verkefnið Virkjum alla

Sjómenn – ekki missa af kjarabótum

- Samkvæmt nýgerðum kjarasamningum greiðir atvinnurekandi nú móttframlag til viðbótarlífeyrissparnaðar af öllum launum.
- Þeir sem nýta sér ekki þessi réttindi eru að missa af umsömdum kjarabótum.

Byrjaðu strax, það munar milljónum

Með því að hringja í síma 440 4000 getur þú gengið frá samningi eða fengið ráðgjöf um skynsamlegustu sparnaðarleiðirnar. Einnig er hægt að fara inn á www.isb.is og senda okkur umsókn.

Við tilkynnum launagreiðanda um samninginn.

Starfsfólk Íslandsbanka á Húsavík



Fjölbreyttir orlofskostir fyrir félagsmenn

Sumarhús, íbúðir, Edduhótel, farfuglaheimili og fleira

Samstarf félaganna – fjölbreyttir möguleikar

Með samstarfi stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum, Verkalýðsfélags Húsavíkur, Verslunarmannafélags Húsavíkur, Þingiðnar, Verkalýðsfélags Öxarfjarðar, Starfsmannafélags Húsavíkur og Verkalýðsfélags Þórshafnar, býðst félagsmönnum nú mikið framboð af orlofskostum.

Félagsmönnum bjóðast orlofs-hús, íbúðir, gistiávisanir í Eddu-hótelum og farfuglaheimilum og endurgreiðsla á gistikostnaði á tjaldsvæðum.

Orlofshús og -íbúðir

Í sumar standa félagsmönnum til boða eftirtalin orlofshús og -íbúðir:

• Orlofsíbúðir Freyjugötu Reykjavík



Freyjugata 10 Reykjavík.

Íbúð 1: 2 svefnherb. Útv. / Sjónv.
Íbúð 2: 1 svefnh. Útv. / Sjónv.
Íbúð 3: Stúdíóíbúð. Útv. / Sjónv.

Stéttarfélagin bjóða félagsmönnum sínum upp á gistingu í 3 orlofsíbúðum við Freyjugötu í Reykjavík. Íbúðirnar eru vel staðsett, t.d. í göngufæri frá miðbæ Reykjavíkur og Landsspítalanum.

Á 1. hæð er íbúð með tveim svefnherbergjum. Svefnherbergi með hjónarúmi og barnaherbergi með koju. Auk þess eru tvær aukadýnur í íbúðinni.

Á 2. hæð er íbúð með eitt svefnherbergi með hjónarúmi. Í stofu er tvíbreiður svefnsofi og tvær aukadýnur.

Á 3. hæð er stúdíóíbúð, þannig að eldhús, stofa og svefnaðstaða er í sama rýminu. Í íbúðinni er hjónarúm, tvíbreiður svefnsofi og tvær aukadýnur.

• Orlofsíbúð Asparfelli Reykjavík



Asparfelli 8 Reykjavík.

Íbúð: 1 svefnherb. Útv. / Sjónv.

Í Breiðholtinu er boðið upp á íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Í íbúðinni er 1 svefnherbergi með hjónarúmi, tvíbreiður svefnsofi er í stofu og tvær aukadýnur.

Í Asparfellinu eru stutt í þjónustu, t.d. er fjöldi verslana rétt við íbúðina.

• Orlofshús Munaðarnesi



Munaðarnes

3 svefnherb. / heitur pottur

Í orlofsbyggðinni Munaðarnesi, sem er 23 km. fyrir norðan Borgarnes, er boðið upp á tvö 53 m² orlofshús. Í húsunum eru þrjú svefnherbergi, eitt með hjónarúmi og hin tvö með koju. Við húsin er heitur pottur og stór verönd. Húsunum í Munaðarnesi fylgja sængurföt.

Góð aðstaða er fyrir börn í Munaðarnesi, m.a. leikvellir.

Munaðarnes er vel í sveit sett í þjóðbraut í miðjum Borgarfirði og því er stutt á flesta áfangastaði á Suð-vesturlandi og Snæfellsnesi.

• Orlofshúsið Hálsaból við Grundarfjörð

Orlofshúsið er 3 km. fyrir vestan Grundarfjörð, er 45 m² á stærð og var byggt á s.l. ári. Í húsinu er tvö svefnherbergi með hjónarúmmum og aukarúmi fyrir ofan. Svefnsofi er í stofu. Við húsið er heitur pottur og verönd.



Hálsaból v/Grundarfjörð.

2 svefnherb. + svefnsofi í stofu
Heitur pottur

• Íbúð Alviðru Dýrafirði



Alviðra Dýrafirði

2 svefnherb. + svefnsofi í stofu

Alviðra er við norðanverðan Dýrafjörð, um 20 km. frá Þingeyri og um 40 km. frá Ísafirði. Orlofshúsið er 42 m² með tveim svefnherbergjum. Í öðru þeirra er hjónarúm og koja og í hinu er rúm og koja. Í stofu er svefnsofi.

• Orlofshús Kjarnaskógi



Kjarnaskógur við Akureyri

3 svefnherb.

Í Kjarnaskógi við Akureyri er boðið upp á vel búið 53 m² orlofshús. Í húsinu er þrjú svefnherbergi, eitt með hjónarúmi og tveim aukadýnum og hin tvö með koju. Við húsið er góð verönd og heitur pottur.



Illugastaðir Fnjóskadal

2 svefnherb. og svefnsofi

• Orlofshús Illugastöðum

Í boði er nýlegt 48 m² orlofshús í orlofsbyggðinni Illugastöðum í Fnjóskadal. Byggðin er staðsett á

milli Húsavíkur og Akureyrar.

Í húsinu er tvö svefnherbergi, annað með hjónarúmi og hitt með tveim kojum. Í stofu er svefnsofi. Við húsið er góð verönd.

Á Illugastöðum er gott leiksvæði fyrir alla fjölskylduna og sundlaug með heitum pottum.

• Orlofshús Öxarfirði



Dranghólaskógur Öxarfirði.

3 svefnherb.

Í Dranghólaskógi við Lund bjóða félögin upp á orlofshús allan ársins hring. Húsið er vel búið með þrem svefnherbergjum, einu með hjónarúmi og hinu með kojum. Í húsinu eru tvær aukadýnur. Í ár verður húsið í leiguskiptum frá 3. júní til 19. ágúst.

• Orlofshús Eiðum



Eiðar á Héraði

3 svefnherb.

Í orlofsbyggðinni Eiðum, sem er 14 km. norðan við Egilsstaði, er boðið upp á 54 m² orlofshús með þrem svefnherbergjum. Í einu herbergjanna er hjónarúm og tvær aukadýnur en kojur í hinum. Húsið stendur við Eiðavatn og fylgir því aðgangur að árabát. Húsinu á Eiðum fylgja sængurföt.

• Orlofshús Einarstöðum



Einarstaðir Héraði

3 svefnherb.

Í orlofsbyggðinni Einarstöðum, sem er 10 km. sunnan við Egilsstaði, er boðið upp á þrjú 45 m² orlofshús með þrem svefnher-

bergjum. Í einu herbergjanna er hjónarúm og og aukarúm en kojur í hinum. Í byggðinni eru leiktæki fyrir börn.

Einarsstaðir eru sérstaklega vel staðsett m.t.t. ferðalaga á Austurlandi.

• Orlofshús Klifabotni Lóni



Klifabotni í Lóni
3 svefnh.

Boðið er upp á 60 m² orlofshús í Klifabotni Lóni, um 25 km. fyrir austan Höfn. Í húsinu er þrjú svefnherbergi. Öll herbergin eru með koju, en í tveim herbergjanna eru breiðar neðri kojur.

Húsið er vel staðsett fyrir þá sem áhuga hafa að skoða suðaustur hluta landsins, þar er að finna fjölmargar náttúruperlur.

• Orlofshúsið Mörk Grímsnesi



Mörk Grímsnesi
3 svefnherb. / Heitur pottur

Orlofshúsið er um 52 m² að stærð með þremur svefnherberjum. Í einu þeirra er hjónarúm og efri kaja en í hinum eru kojur. Við húsið er góð verönd og heitur pottur. Húsið er vel staðsett um 15 km. frá Selfossi, vestarlega í Grímsnesinu við Sogið.

• Orlofshúsið Útgarður Grímsnesi



Útgarður Grímsnesi
2 svefnherb. + svefnsófi / H.pott.

Í boði er nýtt stórt orlofshús, um 100 m² (svefnloft innifalið). Í húsinu eru tvö svefnherbergi með hjónarúmum og í öðru þeirra er aukarúm. Auk þess er í húsinu 28 m² svefnloft með tveim rúmum og 4 dýnum.

Við húsið er góð verönd og heitur pottur. Húsið er vel staðsett um 18 km. frá Selfossi, vestarlega í Grímsnesinu skammt frá Sogsvirkjunum.

• Orlofshús Ölfusborgum



Ölfusborgir
3 svefnherb. + svefnsófi / H.pott.

Í boði er orlofshús í orlofsbyggðinni Ölfusborgum við Hveragerði. Húsið er 55 m² þrjú svefnherbergi. Í einu þeirra er hjónarúm en í hinum eru kojur. Góð verönd og heitur pottur er við húsið.

Reykingar og húsdýr

Fyrir tveim árum var ákveðið að banna reykingar í sumarhúsum og íbúðum á vegum félaganna. Þetta var gert til að verða við óskum fjölda félagsmanna sem reykja ekki og kæra sig illa við að vera í tóbaksreyk. Félagsmenn eru hvattir til að virða þetta bann.

Húsdýr eru ekki leyfð í orlofshúsum og íbúðum.

Hótelgisting á Eddu


Félagsmönnum býðst gisting á Edduhótelum sem staðsett eru á Laugarvatni, Skógum, Vík í Mýrdal, Nesjaskóla við Höfn, Neskaupstað, Egilsstöðum, Eiðum, Stórutjörnum, Akureyri, Húnavöllum, Laugarbakka, Ísafirði, Laugum í Dalasýslu og Hellissandi.

Félagsmenn kaupa á Skrifstofu stéttarfélaganna gistiávisun fyrir uppþíði tveggja manna herbergi með handlaug og bóka sér síðan gistingu þar sem þeir kjósa. Heimilt er að hafa með sér börn án sérstaks aukagjalds ef viðkomandi hefur með sér rúmföt fyrir þau. Hótelíð leggur til dýnur. Verð fyrir gistinóttina fyrir fjölskylduna er kr. 3.500,-. Athugið að morgunverður er ekki innifalinn og misjafnt



Eddu hótel
Fjölskyldan gistir fyrir
kr. 3.500,- pr. nótt.

framboð er hjá einstökum hótélum eftir tímabilum.



Gisting í farfuglaheimilum

Á síðasta ári var tekin upp sú nýbreytni að bjóða félagsmönnum og fjölskyldum þeirra upp á gistingu í einhverju 26 farfuglaheimilanna á Íslandi sem staðsett eru um allt land (sjá www.hostel.is).

Þeir sem kjósa að gista á farfuglaheimilum fá aðgang að rúmi, sæng koddar, snyrtingu, baðaðstöðu og gestaeldhúsi. Algengast er að ferðamenn hafi með sér sængurföt eða svefnpoka. Víða er hægt að leigja sængurföt og kaupa morgunverð. Yfirleitt er aukagjald fyrir þá sem vilja sér herbergi.

Þessi gisting býðst félagsmönnum og fjölskyldum þeirra á kr. 1.000 nóttin fyrir fulloröna, börn 0-4 ára fá frítt, en 5-12 ára greiða hálf gald.

Gistiávisanir fyrir farfuglaheimili er hægt að fá á Skrifstofu stéttarfélaganna. Allar nánari upplýsingar eru veittar þar eða á heimasíðu farfugla www.hostel.is eða á skrifstofu þeirra í síma 553-8110.



Útilega í boði þíns stéttarfélags

Orlofsnefnd stéttarfélaganna hefur ákveðið að taka upp þá nýbreytni að bjóða félagsmönnum og fjölskyldum þeirra í útilegu. Það gerist þannig að félagsmenn og fjölskyldur þeirra fara með sitt tjald, tjaldvagn, fellihýsi, hjólhýsi eða annan búnað á tjaldsvæði innanlands, fá löglegan reikning (númeraður reikningur með kennitölu

söluaðila og kaupanda þjónustu), framvísa síðan reikningnum á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá endurgreiðslu allt að kr. 4.000 sumarið 2005.

Skilyrði fyrir þessari greiðslu er að félagsmaður sé í a.m.k. 50% starfi, sé fullgildur félagsmaður og hafi greitt félagsgjöld í a.m.k. 3 mánuði.

Umsóknarfrestur

Með þessu fréttabréfi fylgir umsóknareyðublað um orlofshúsin og íbúðirnar, sem einnig er hægt að nálgast á heimasíðu félaganna www.vh.is. Umsóknnum skal skila til Skrifstofu stéttarfélaganna í síðasta lagi 8. apríl nk.

Dyraverðir útskrifaðir

Í síðustu viku var haldið námskeið fyrir dyraverði. Lögreglan á Húsavík og Verkalýðsfélag Húsavíkur stóðu fyrir námskeiðinu. Í lok námskeiðsins fengu allir

viðurkenningarskjöl. Alls luku 12 þátttakendur námskeiðinu. Það helsta sem var tekið fyrir á námskeiðinu var, Lög og reglugerðir um veitingahús og skemmtistaði,

áfengislög, störf dyravarða-réttindi og skyldur. Þá var farið yfir samskipti dyravarða og lögreglu, valdbeitingu, viðbrögð við eldsvoða og skyndihjálp. Þátttakendur voru mjög ánægðir með námskeiðið. Þá kom fram hjá lögreglunni að hún leggur mikið upp úr því að dyraverðir séu vel inni í málum sem snerta störf þeirra í dyravörslu og annarri vörslu á veitingastöðum og því væri námskeið sem þetta mjög mikilvægt.



Það var mikið tekist á í fundarsal stéttarfélaganna þegar verðandi dyraverðir lærðu réttu bandtökin á erfiða gesti.



Félagarnir Þórarinn Þórisson, Þorsteinn Ægir Egilsson og Friðrik Guðmundsson eru kátir í sólskininu á Þórsböfn við löndun úr Júpiter.

Aðalfundur

Verkalýðsfélag Húsavíkur boðar til aðalfundar félagsins, sunnudaginn 24. apríl kl. 16:00 í fundarsal félagsins.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Í lok fundar verður boðið upp á kaffiveitingar og þá fá fundarmenn óvæntan glaðning. Mikilvægt er að félagsmenn fylgist með og taki þátt í stefnumótun félagsins.

**Félagar fjölmennið!
Verkalýðsfélag Húsavíkur**

Orlofsuppbót

Skila „sólkrónurnar“ sér?

Gott að greiða 1. júní

Á hverju vori og sumri er mikið hringt og spurst fyrir um orlofsuppbót. Af símtölum til Skrifstofu stéttarfélaganna að dæma, er nokkuð um að orlofsuppbót sé greidd seint eða jafnvel að launa-greiðendur gleymi henni.

Orlofsuppbót á að greiðast þegar starfsmenn fara í orlof, en þó eigi síðar en 15. ágúst. Mörg fyrirtæki og stofnanir hafa mótað sér þá reglu að greiða hana út í byrjun sumars, t.d. með launa-útborgun 1. júní ár hvert.

Full orlofsuppbót er kr. 21.800 hjá almennu verkafólki og iðnaðarmönnum, kr. 16.500 hjá afgreiðslu- og skrifstofufólki. Hjá starfsmönnum ríkis er hún almennt kr. 21.800. Enn er ósamið við sveitarfélögin um orlofsuppbót 2005.

Uppbótin greiðist síðan í hlutfalli við starfshlutfall og starfstíma á orlofsárinu frá 1. maí 2004 – 30. apríl 2005.

Sumarstarfsmenn 2004 gætu átt rétt

Mikilvægt er að félagsmenn og launagreiðendur átti sig á réttindum sumarstarfsmanna, almennt eiga þeir rétt á orlofsuppbót í vor ef þeir störfuðu í 12 vikur eða lengur s.l. sumar. Í tilvikum sumarstarfsmanna er þó lagt til að orlofs- og desemberuppbót sé gerð upp við þá við starfslok á haustin.

Starfsmenn sem fara í fæðingarorlof, hætta vegna veikinda eða aldurs fá einnig greidda hlutfallslega orlofsuppbót í samræmi við starfstíma þeirra. Hjá þessum aðilum er þó enginn áskilinn lágmarks starfstími og þegar starfsmaður hefur unnið hjá fyrirtæki í eitt ár fær hann einnig orlofsuppbót fyrir fæðingarorlofi.

Styrktarsjóður BSRB tekur til starfa

Mikilvæg réttindi félagsmanna S.T.H.

Um síðustu áramót urðu smávægilegar breytingar á réttindum félagsmanna Starfsmannafélags Húsavíkur í Styrktarsjóði B.S.R.B.. Því er ástæða til að rifja helstu réttindi upp og hvetja starfsmenn til að nýta sér þau. Umsóknir fást hjá Skrifstofu stéttarfélaganna og á heimasíðu sjóðsins www.bsrb.is.

Helstu réttindi í styrktarsjóðnum eru:

- Sjúkradagpeningar vegna veikinda félagsmanna (hámark 90 daga)
- Sjúkradagpeningar vegna veikinda barna eða maka (hámark 60 daga)
- Styrkur vegna sjúkrahjálfunar, -nudds eða annars sambærilegs kr. 800 á tíma í hámark 25 tíma á ári.
- Styrkur vegna krabbameinsskoðunar eða skoðunar hjá Hjartavernd eða sambærilegu (heilsufarsskoðun heilsugæslu).
- Ferðakostnaður vegna læknisferða vegna félagsmanns, maka eða barns, enda taki Trygg-

ingarstofnun ríkisins ekki þátt í kostnaði.

- Styrkur vegna heilsuræktar kr. 10.000 (sund, heilsurækt, íþróttaiðkun og fl.), enda standi hún þrjá mánuði eða lengur.
- Styrkur til ættleiðingar kr. 200.000, til tækniþrívögunar kr. 50.000 og til tæknisæðingar kr. 21.000.
- Styrkur vegna „laser aðgerðar“ kr. 25.000 fyrir hvort auga.
- Styrkur vegna kaupa á dýrum sjónglerjum (yfir 30.000).
- Styrkur vegna meðferðar á Heilsustofnuninni í Hveragerði, kr. 1.000 fyrir hvern dag.
- Styrkur vegna meðferðar hjá félagsráðgjafa, fjölskylduráðgjafa eða sálfræðingi kr. 2.500 í allt að 15 skipti á ári.
- Úttarastyrkur kr. 50.000.

Með umsókn þarfa að fylgja númeraður löglegur reikningur, þar sem fram kemur tímabil, greiðandi og viðtakandi greiðslu.

Fiskur og ferðapjónusta

Námsleiðin „Fiskur og ferðapjónusta“ sem hófst í febrúar gengur vel. Um er að ræða 300 stunda nám sem lýkur í desember 2005. Tólf nemendur taka þátt í

verkefninu sem Fræþing heldur utan um fyrir hönd samstarfsaðila. Fréttabréfið leit við í síðustu viku og tók þessar myndir við það tækifæri.



Mývetningar!

Félagsmenn stéttarfélaganna í Mývatnssveit geta nú fengið keypta miða í Hvalfjarðargöngin hjá Agnesi Einarsdóttur í Selhótel Mývatn. Hver miði kostar kr. 700,-. Miðarnir eru einnig til sölu á Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík.

Pósturinn!



Þar sem Fréttabréf stéttarfélaganna er í bullandi samkeppni við Skarp birtist bér mynd af Sigga Illuga sem léttur í lundu færir bæjarbúum póstinn sinn daglega. Í Skarpi nýlega var frábær mynd af Helga í Skógargarði sem bér á árum áður bar út póstinn á Húsavík. Helgi var í jakkafötum með bindi. Í dag eru menn bins vegar í sérstökum merktum einkennisbúningum.



FÁÐU GOTT START!

Hlutir sem okkur langar í núna eru oft fljótir að úreldast. Sjóður með góðri ávöxtun gefur þér gott start út í lífið. Kannski verður sjóðurinn lykillinn að fyrsta bílnum þínum, draumaferðalagi eða jafnvel íbúð. **Framtíðarsjóður Sparisjóðsins** er góður kostur til að ávaxta fermingarpeningana þína sem best.

☒ Ef lagðar eru 5000 kr. eða meira við stofnun Framtíðarsjóðsreiknings bætir Sparisjóðurinn 2000 kr. við.



SPARISJÓÐURINN

– fyrir þig og þína

☒ Frábær ávöxtunarleið ☒ Verðtryggður ☒ Fyrir 15 ára og yngri ☒ Bundinn til 18 ára

www.spar.is

Umsókn um orlofshús og orlofsíbúðir

Umsækjandi: Nafn: _____

Kennitala: _____

Heimilisfang: _____

Póstnúmer: _____

Sveitarfélag: _____

Heimasími: _____ Vinnusími / Farsími: _____

Dags.: _____

Áður fengið orlofshús: ☐ Já síðast árið _____

☐ Nei

- Stéttarfélag:** ☐ Verkalýðsfélag Húsavíkur
☐ Verkalýðsfélag Öxarfjarðar
☐ Verkalýðsfélag Þórshafnar
☐ Verslunarmannafélag Húsavíkur
☐ Starfsmannafélag Húsavíkur
☐ Þingið


- Sótt er um:** ☐ Orlofshús Illugastöðum
☐ Orlofshús Dranghólaskógi, Öx. við Lund
☐ Orlofshús Einarstöðum á Héraði
☐ Orlofshús Klifabotni, Lóni við Höfn
☐ Orlofshús Útgarður, Grímsnesi
☐ Orlofsíbúðir Freyjugötu eða Asparfelli, Reykjavík
☐ Orlofsíbúð Alviðru, Dýrafirði
☐ Orlofsíbúð Sólheimum, Reykjavík (félagsm. S.T.H.)
☐ Orlofshús Kjarnaskógi, Eyjafirði
☐ Orlofshús Eiðum, Héraði
☐ Orlofshúsið Mörk, Grímsnesi
☐ Orlofshús Munaðarnesi, Borgarfirði
☐ Orlofshús Hálsabóli við Grundarfjörð
☐ Orlofshús Ölfusborgum, við Hveragerði
☐ Gistiávisun á Hótel Eddu (seldar í allt sumar)
☐ Gistiávisun á Farfuglaheimili (seldar í allt sumar)

Sótt er um tímabilið: _____ / _____ til _____ / _____ 2005

Tímabil til vara: _____ / _____ til _____ / _____ 2005

Annað: _____

Tryggingadeild - Árleg raunávöxtun




Tryggingadeild 2004

Nafnávöxtun	17.8%
Raunávöxtun	13.3%
Fjöldi sjóðfélaga	12.067
Fjöldi launagreiðenda	1.547
Fjöldi lífeyrisþega	3.814
Lífeyrir í % af iðgjöldum:	
Elliúlífeyrir	35.8%
Örorkulífeyrir	22.0%
Makalífeyrir	5.6%
Barnalífeyrir	1.8%
Samsetning eigna í árslok:	
Skráð verðbréf með breytilegum tekjum	39.0%
Skráð verðbréf með föstum tekjum	50.0%
Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum	1.0%
Óskráð verðbréf með föstum tekjum	1.0%
Veðlán	3.0%
Aðrar eignir	6.0%
Skipting eigna eftir gjaldmiðlum:	
Eignir í íslenskum krónum	75.0%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	25.0%
Eignir umfram áfallnar skuldbindingar	1%
Eignir umfram heildarskuldbindingar	-5%
Rekstrarkostnaður í % af eignum	0.15%
Stóðugildi	7.9

Séreignardeild 2004

Safn I	
Nafnávöxtun	14.9%
Raunávöxtun	10.6%
Safn II	
Nafnávöxtun	17.0%
Raunávöxtun	12.6%

Séreignardeild í 6 ár
Raunhækkun umfram verðlag 1999 - 2004



Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris

	2004	2003
Iðgjöld	1.917.150	1.663.241
Lífeyrir	-1.137.343	-1.048.094
Fjárfestingartekjur	6.061.662	3.494.674
Fjárfestingangjöld	-28.579	-25.979
Rekstrarkostnaður	-56.511	-50.871
Hækkun á hreinni eign á árinu	6.756.379	4.032.971
Hrein eign frá fyrra ári	32.411.283	28.378.312
Hrein eign til greiðslu lífeyris	39.167.662	32.411.283

Efnahagsreikningur í árslok

	2004	2003
Verðbréf með breytilegum tekjum	15.234.410	11.516.872
Verðbréf með föstum tekjum	20.203.340	17.962.421
Bundnar innistæður vísjóðfélagalána	904.783	1.123.007
Fasteignir	76.800	78.400
Aðrar fjárfestingar	467.840	678.603
Veltiinnlán og aðrar eignir	868.459	649.522
Skammtímakröfur	263.758	150.560
Skammtímaskuldur	-35.694	-460.785
Hrein eign - Tryggingadeild	37.983.696	31.698.600
Hrein eign - Séreignardeild	1.183.966	712.683
Hrein eign samtals	39.167.662	32.411.283

Stjórn

Björn Snæbjörnsson, formaður	Guðmundur Ómar Guðmundsson
Kristján Þór Júlíusson, varaformaður	Kristján Björn Garðarsson
Jón Karlsson	Ágúst Óskarsson
Einar Einarsson	Eiríkur S. Jóhannsson
Frákvæmdastjóri: Kári Amór Kásson	